

Umsögn Íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 15. febrúar 2021 um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals fagnar nýrri stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík og vonar að hún verði til þess að auka þátttöku í tónlistarnámi og skapa jafnari tækifæri til tónlistarnáms óháð búsetu barna eftir hverfum í borginni.